

## GJALDSKRÁ

fyrir fráveitur og meðhöndlun seyru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

1. gr.

*Gjaldskýlda.*

Skeiða- og Gnúpverjahreppur innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt nr. 244/2011 um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

2. gr.

*Stofngjald fráveitu.*

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frærenslislagna frá lóðamörkun húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera sem hér segir:

|                             |             |
|-----------------------------|-------------|
| Heimtaug 150 mm eða grennri | 300.000 kr. |
| Heimtaug 151-200 mm         | 317.000 kr. |
| Heimtaug 201-250 mm         | 335.100 kr. |

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra og einnig ef um sérstakar úrlausnir fráveitumála er að ræða.

Gjald miðast við hverja íbúð þegar um er að ræða par- og raðhús eða fjölbýlishús.

Stofngjald fráveitu miðast við byggingarvísitölu, grunnur 2021, í nóvember 2024, 121,0 stig.

3. gr.

*Fráveitugjald.*

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalda skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

4. gr.

*Rotþróargjald.*

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til að standa straum af kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Tæming rotþróa íbúðarhúss fer fram þriðja hvert ár.

Tæming rotþróa sumarhúsa fer fram fimmta hvert ár.

Tæming rotþróa fyrirtækja og annarra fasteigna en íbúðar- og sumarhúsa fer fram þriðja hvert ár.

Árlegt rotþróargjald er 16.395 kr.

5. gr.

*Gjalddagar.*

Gjalddagi stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

Gjalddagar fráveitu- og rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og fasteignaskatts og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimta fasteignaskatts.

6. gr.

*Innheimta.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

Stofngjald fráveitu og fráveitugjald ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði í tvö ár frá gjalddaga. Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari.

7. gr.  
*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 4. desember 2024, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og á grunni samþykktar um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur brott gjaldskrá nr.1638/2023 fyrir fráveitur og meðhöndlun seyru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

*Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 4. desember 2024.*

**Sylvía Karen Heimisdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 3. janúar 2025